geta

Nei, ég get ekki...

Kemur þú á morgun?
Hjálpar þú okkur?
Eldar þú kvöldmat í dag?
Ferð þú í búð með mér núna?
Selur þú okkur bílinn þinn?
Passar þú barnið í dag?
Skrifar þú verkefnið mitt?
Lagar þú tölvuna mína?
Gefur þú mér farmiðann?
Lánar þú okkur peninga?

perfektum

Fyrst skúra ég gólfið, svo kem ég.
> Ég kem þegar ég hef skúrað gólfið.

Fyrst þværð þú þér um hendurnar, svo borðar þú.
Fyrst læra börnin heima, svo fara þau út að leika sér.
Fyrst eldar hann matinn, svo hlustar hann á fréttirnar.
Fyrst fá þau útborgað, svo borga þau reikningana.
Fyrst svæfir Guðrún barnið, svo heldur hún áfram að vinna.
Fyrst lesa þeir söguna, svo skrifa þeir um hana ritgerð.
Fyrst segir mamma börnunum sögu, svo sofna þau.
Fyrst klæða þau sig, svo borða þau morgunmat.
Fyrst drekka þau kaffið, svo fara þau í vinnu.
Fyrst setur Hanna á sig skíðin, svo rennir hún sér niður brekkuna.
Fyrst heilsar Pétur öllum, svo fær hann sér sæti.
Fyrst teiknar Kristín mynd, svo fer hún að lesa.

pluskvamperfektum

Ég bjó lengi í miðbænum. Síðan flutti ég upp í Breiðholt.
> Ég hafði búið lengi í miðbænum þegar ég flutti upp í Breiðholt.

Þau gengu lengi um óbyggðir. Síðan tóku þau rútu í bæinn.
Hann var lengi á sjónum. Síðan fékk hann sér vinnu í landi.
Þeir töluðu lengi saman. Síðan kvöddust þeir.
Þau óku lengi. Síðan stoppuðu þau og fengu sér að borða.
Barnið grét lengi. Síðan róaðist það loksins.
Ég las lengi. Síðan fór ég að sofa.
Þær hlógu lengi að sögunni. Síðan héldu þær áfram að vinna.
Við biðum lengi. Síðan gáfumst við upp og fórum.
Una vann lengi á saumastofu. Síðan fór hún á eftirlaun.
Gunnar skrifaði lengi. Síðan gaf hann út bók.
Þau bjuggu lengi í sveit. Síðan fluttu þau hingað.
Hann svaf lengi. Síðan vaknaði hann.

Fræg persóna

Segðu frá frægri persónu. Undirbúðu stutta kynningu heima.

Hvaðan er hann/hún?
Hvenær lifði/fæddist hann/hún?
Hvað gerði hann/hún á æskuárunum? Hvað veist þú um fjölskyldu hans/hennar?
Fyrir hvað er hann/hún fræg(ur)? Hvað eru helstu verkin hans/hennar eða hvað gerði hann/hún merkt? Hlaut hann/hún verðlaun?
Af hverju valdirðu þessa persónu? Af hverju þykir hann/hún þér áhugaverð(ur)?

Imperativ

- existuje jen v singuláru
- má podobu prostého kmene bez koncovky
- většinou ho následuje zájmeno *þú*, které s ním obvykle "srůstá":

far þú > farðu; kom þú > komdu

- v plurálu se používá jako pobídka běžný indikativ:

1. os. bez zájmena: "Förum heim!"
2. os. obvykle se zájmenem:

komið þið > komiði

	munu	**skulu**
ég	mun	skal
þú	munt	skalt
hann	mun	skal
við	munum	skulum
þið	munuð	skuluð
þau	munu	skulu

Komdu með mér í bíó!

KRISTINN: Já.
ÞÓREY: Hver er þetta?
KRISTINN: Kristinn.
ÞÓREY: Sæll, þetta er Þórey. Heyrðu, það er alveg mögnuð spænsk mynd sýnd í Háskólabíói í kvöld, og mig langar svo óskaplega að sjá hana. **Nennirðu að koma með mér?**
KRISTINN: Ekki í kvöld. Ég er nefnilega að klára verkefni sem ég á að skila á morgun, og ég **mun** líklega ekki vera búinn fyrr en seinna í kvöld.
ÞÓREY: Hvað áttu mikið eftir að skrifa?
KRISTINN: Fimm blaðsíður eða svo.

ÞÓREY: Þú verður enga stund að því! **Haltu** áfram að skrifa þangað til í kvöld og **kláraðu** það sem eftir er í fyrramálið!
KRISTINN: *Æ*, Þórey, ég veit ekki…
ÞÓREY: Myndin er bara sýnd í kvöld! **Láttu** námið vera í þetta sinn og **komdu** með mér í bíó, **gerðu það**!
KRISTINN: Jæja þá, hvenær byrjar sýningin?
ÞÓREY: Klukkan 9, en það væri best að mæta snemma svo að það verður ekki uppselt. Ég kem og sæki þig korter yfir átta. **Vertu** tilbúinn!
KRISTINN: Allt í lagi. Ég sé þig hér korter yfir átta.

munu / skulu

Verkið _____ taka tvo mánuði.
Þið _____ sjá kirkjuna fljótlega.
Ég _____ hjálpa þér.
Ævisagan _____ koma mörgum á óvart.
Við _____ flýta okkur.
Gripirnir _____ vera frá 10. öld.
Þið _____ fara heim strax!
Ég _____ fara út með hundinn fyrir þig.
Þú _____ sjá eftir þessu.
Þú _____ gera heimaverkefnin þín!
Hann _____ sækja þig klukkan níu.

sitja: ..... kyrr!
láta: ..... ekki svona!
klára: ..... matinn þinn!
kveikja: ..... á sjónvarpinu!
þvo: ..... þér um hendurnar!
telja: ..... upp að tíu!
meiða: ..... þig ekki!
segja: ..... mér söguna aftur!
gefa: ..... mér súkkulaðibita!
passa: ..... þig á bílunum!
hringja: ..... í mig í fyrramálið!
drekka: ..... ekki svona mikið!
lána: ..... mér pennann!
koma: ..... strax heim!
flýta: ..... þér!

Er Hrafn Jökulsson við?

MARY: Góðan daginn, **er Hrafn Jökulsson við?**
RITARI: Hver er þetta, **með leyfi?**
MARY: Mary Scanlon heiti ég, frá D&M-fyrirtæki í Dyflinni.
RITARI: **Andartak, ég skal gefa þér samband.**
MARY: Þakka þér fyrir.
HRAFN: Halló, Hrafn hér.
MARY: Blessaður Hrafn, þetta er Mary Scanlon hérna, frá Dyflinni.
HRAFN: Já, sæl og blessuð Mary, hvernig hefurðu það?
MARY: Gott, takk. Ég ætla til Íslands í næstu viku, og mig langar að hitta þig til að ræða nýja verkefnið okkar.
HRAFN: Góð hugmynd. **Hvenær kemurðu og hvað verðurðu lengi?**
MARY: Ég kem á þriðjudaginn og **mun líklega** fara aftur á föstudag.

HRAFN: Einmitt. **Verðurðu laus** fimmtudaginn 17. nóvember?
MARY: **Bíddu, ég skal athuga það.** 17. nóvember er fimmtudagur, segirðu. **Nei, því miður, ég er upptekin** allan fimmtudaginn.
HRAFN: Er það já. **Væri hægt að hittast** á miðvikudaginn?
MARY: Já, en þá helst seinni partinn.
HRAFN: **Þá sting ég upp á að** við hittumst um sexleytið og ég býð þér í kvöldmat. Hvernig væri það?
MARY: Alveg ljómandi, þakka þér kærlega fyrir. Hvar hitti ég þig?
HRAFN: **Hittumst** á Lækjarbrekku klukkan sex. Ég **skal** senda þér gemsanúmerið mitt í tölvupósti til öryggis.
MARY: Góð hugmynd. Ertu ekki örugglega með netfangið mitt?
HRAFN: Jú. **Sjáumst** á miðvikudaginn!
MARY: Já. **Ég hlakka til að sjá þig.**